

**1991--92. -- 1061 ár frá stofnun Alþingis.**

**115. löggjafarþing. -- 518 . mál.**

**847. Fyrirspurn**

til umhverfisráðherra um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvað líður gerð áætlunar um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera?

Greinargerð.

Þann 24. apríl 1989 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa á vegum Náttúruverndarráðs í samráði við yfirvöld orkumála áætlun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera. Drög að slíkri áætlun verði lögð fyrir Alþingi til kynningar fyrir árslok 1990 og áætlunin fullbúin til staðfestingar síðar.“

Enn hafa engin drög að þessari áætlun verið lögð fyrir Alþingi til kynningar.

**Skriflegt svar óskast.**

**1991--92. -- 1061 ár frá stofnun Alþingis.**

**115. löggjafarþing. -- 518 . mál.**

**1005. Svar**

umhverfisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

*Hvað líður gerð áætlunar um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera?*

Ályktun Alþingis frá 24. apríl 1989 um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða var rædd á nokkrum fundum árið 1990 í samstarfsnefnd Náttúruverndarráðs og iðnaðarráðuneytis um orkumál (SINO-nefndin). Þar var ákveðið að kanna virkjunar- og verndarsjónarmið sitt í hvoru lagi og bera saman líkt og gert hefur verið í Noregi. Virkjunaraðili geri skrá yfir vatnsföll og fossa og flokki með tilliti til hagkvæmni virkjunar og Náttúruverndarráð geri sambærilega skrá eftir verndargildi. Niðurstöður verði síðan bornar saman og gengið frá áætlun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera.

Jafnframt samþykkti nefndin í júní 1990 að gera þyrfti Alþingi grein fyrir því að verk þetta geti tekið nokkurn tíma eigi að vanda vel til verksins. Ekki væri ráðlegt að leggja fyrir Alþingi eitthvert bráðabirgðaálit byggt á lélegum grunni.

Iðnaðarráðuneyti fól Orkustofnun að vinna að þessu fyrir sína hönd í samráði við Náttúruverndarráð. Í framhaldi af því var vinnuhópur settur á laggirnar til að annast verkefnið og var hann skipaður fulltrúum Orkustofnunar, Landsvirkjunar og Náttúruverndarráðs.

Orkustofnun og Landsvirkjun hófu þegar vinnu við flokkun vatnsfalla og fossa og nú hefur verið gengið frá greinargerð þar sem fjallað er um virkjunarmöguleika á landinu. Greinargerð þessi er til í handriti. Sambærileg vinna við skráningu jarðhitasvæða og hvera hefur ekki farið fram enn.

Vinna að þessu verkefni á vegum Náttúruverndarráðs hefur dregist. Með bréfi dagsettu 18. mars sl. óskar Náttúruverndarráð eftir því við ráðuneytið að það geri ráðstafanir til þess að fé verði varið til þessa verkefnis á fjárlögum fyrir árið 1993 þannig að ljúka megi gerð áætlunar um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða fyrir haustið 1993.